

Greinargerð útgáfa rekstrarleyfis FE-1076

1. Almenn:

Stolt Sea Farm Holdings Iceland hf. (kt. 610911-0480), Vitabraut 7, 233 Reykjanesbæ, hafa verið með 2.000 tonna rekstrarleyfi (FE-1076 / IS-36112) fyrir seiða- og matfiskeldi á senegalflúru og styrju í landeildisstöð sinni að Vitabraut 7, Reykjanesbæ. Stolt Sea Farm Holdings Iceland ehf. sótti um breytingu á rekstrarleyfi þann 21. apríl 2021 á þann veg að í stað styrju kæmi gullinrafi.

Fiskeldisstöðin er staðsett á Vitabraut 7, Reykjanesbæ með frárennsli í sjó á Reykjanesi. Í rekstrarleyfum fiskeldisstöðva á landi er skilyrði að stöð sé útbúin búnaði sem kemur í veg fyrir að fiskur sleppi úr eldiskari og búnaði staðsettum í frárennsli stöðvar sem fangar fisk sem sleppur. Ker stöðvarinnar eru útbúin ristum til varnar því að fiskur sleppi með frárennsli. Frárennslið rennur í bunustokk Reykjanesvirkjunar og þaðan til sjávar.

Matvælastofnun staðfestir að móttekin eru þau gögn sem stofnunin óskaði eftir vegna breytingar á rekstrarleyfi Stolt Sea Farm Holdings Iceland hf. að Vitabraut 7 skv. 13. gr. reglugerðar nr. 540/2020 um fiskeldi og staðfestir að þau teljist fullnægjandi. Matvælastofnun auglýsti tillögu að rekstrarleyfi á tímabilinu 21. maí 2021 til 18. júní 2021 og engar athugasemdir bárust vegna tillögunnar. Matvælastofnun hefur farið yfir og kynnt sér framkvæmdina og telur framangreind gögn lögmætan grundvöll til endurnýjunar rekstrarleyfis.

Matvælastofnun hefur í samræmi við 3. mgr. 7. gr. laga nr. 71/2008 um fiskeldi endurmetið hvort fyrirtækið uppfylli kröfur laga um heilbrigði dýra og afurðir, auk krafna um velferð og staðfestir að svo sé.

2. Gildistaka

Matvælastofnun hefur nú tekið ákvörðun um útgáfu rekstrarleyfis til Stolt Sea Farm Holdings Iceland hf. Rekstrarleyfið heimilar hámarkslífmassa 2.000 tonn til seiða- matfiskeldis á landi á senegalflúru og gullinrafa.

Rekstrarleyfið byggir á skilyrðum laga um fiskeldi og reglugerðar um fiskeldi.

Rekstrarleyfi tekur gildi þegar Matvælastofnun hefur gert úttekt á fiskeldisstöð. Markmið úttektar er að staðreyna eftir föngum að rekstrarleyfishafi sé fær um að fullnægja skilyrðum laga þessara og skilmálum rekstrarleyfis. Þá afhendir Matvælastofnun jafnframt Starfsleyfi Umhverfisstofnunar. Gildistími rekstrarleyfisins verður óbreyttur til 18. ágúst 2022.

Selfossi, 24. júní 2021